



## VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFTND HRUNAMANNAHREPPS

2. fundur Veitu- og framkvæmdaneftndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 26. febrúar 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

### Dagskrá

#### 1. Kynning á helstu verkefnum sem í gangi eru:

- Veitustjóri kynnti helstu verkefni sem unnið er að á sviði veitna. Einnig kynnti hann hugmyndir sem kvíknað hafa um fýsileika þess að Hlíðarveita verði keypt og rekin af Hitaveitu Flúða en möguleg samlegðaráhrif gætu verið nokkur.  
*Nefndin telur í lagi að veitustjóri kanni málið frekar.*
- Yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála kynnti þau verkefni sem í gangi eru.

#### 2. Vatnsveita í uppsveit Hrunamannahrepps.

Lögð fram gróf kostnaðaráætlun frá Eflu við stofnlögn frá Blákvísl að Flúðum og tillaga um að gerð verði forathugun á kostum rafmagnsvirkjunar á sömu lögum.

*Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að haldið verði áfram með verkefnið á þeim grunni sem ræddur var. Nú þegar verði rætt við forsætisráðuneytið sem landeiganda vegna nýtingar Blákvíslar, verði niðurstaðan jákvæð verður haldið áfram með fullnaðarhönnun lagnarinnar. Einnig verði boðað til fundar með landeigendum/ibúum uppsveitar vegna þessara hugmynda. Nefndin samþykkir einnig að leggja til við sveitarstjórn að tilboði frá Unnarholti ehf og Verkís verði tekið.*

WT  
DGS  
BV  
EES  
GK

**3. Umræða um Kópsvatn – ráðgjafavinna og staða.**

Veitustjóri kynnti viðræður sem átt hafa sér stað við Mannvit. Unnið er að því að fá fund með forsvarsmönnum Baseload vegna framkvæmda fyrirtækisins næstu misserin.

*Nefndin samþykkir að fela veitustjóra að halda áfram með málið.*

**4. Kynning á framkvæmdum við fráveitu í Akurgerði/Hótel Hill og mögulegri færslu á hreinsistöð við Birkihlíð.**

Lögð fram kostnaðaráætlun unnin af Eflu sem og lagnaleið vegna færslu hreinsistöðvarinnar við Birkihlíð.

*Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að verkið verði boðið út/farið í verðkönnum. Með því móti verður möguleiki á að tengja hús við Hofatún við hreinsistöðina á nýjum stað og um leið myndast eftirsóknarverð lóð við Birkihlíð.*

**5. Hola 1 við sundlaug – viðgerð á fóðringu.**

Veitustjóri kynnti að fóðring neðan jarðvegsfirborðs í Holu 1 hefur gefið sig en þessi hola sér sundlauginni fyrir heitu vatni. Holan er 65m djúp með fóðringu niður á 10m. Holan gefur 2,5 sek/l af 106° heitu vatni og var boruð með höggbor árið 1945 og er fóðring upprunaleg.

*Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að tilboði sem lagt var fram á fundinum frá Árna ehf um viðgerð á holunni verði tekið. Verðtilboðið er á bilinu 3,4 – 4 mkr. (fer eftir sverleika á fóðringu).*

**6. Umsókn um vatnslögn að sumarhúsabyggð í Þrándarlundi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Lögð fram umsókn um vatnslögn að verslunar- og þjónustusvæði (sumarhúsabyggð) í Þrándarlundi (4l/sekk).

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ekki verði orðið við beiðninni enda svæðið utan sveitarfélagamarka.*

**7. Tillögur að úrbótum á húsnæði Tónlistarskóla Suðurlands í Flúðaskóla og umræða um annað viðhald skólahúsnæðisins og lóðarinnar á árinu.**

Kynntar viðhalðsframkvæmdir sem framundan eru á skólabyggingunum og væntur kostnaður við þær.

*Yfirmanni eignasjóðs falið að vinna að framgangi þeirra verkefna sem rædd voru með það fyrir augum að verkin verði boðin út sem mest í einum pakka enda rúmast þau innan gildandi fjárhagsáætlunar.*

WA

SB DGS  
JC BSV  
CB EES

## **8. Leiksvæði – leikvellir.**

Lögð fram rekstrarhandbók innra eftirlits til kynningar og samningur um ytra eftirlit til kynningar. Umræða um endurbætur og forgangsröðun á skólalóð og mögulegt leiksvæði í Norðurbænum.

*Nefndin lýsir yfir ánægju með nýja rekstrarhandbók fyrir leikvelli sem skilyrði er að sé til staðar samkvæmt lögum. Lagt er til að starfsmenn skólanna hafi daglegt eftirlit með sínum svæðum en starfsmaður heilsueflandi uppsveita hafi daglegt eftirlit með öðrum svæðum í samvinnu við yfirmann eignasjóðs. Nefndin leggur til við sveitarstjórн að samningur við BSI um aðalskoðun leiksvæða verði samþykktur.*

*Nefndin er sammála tillögum yfirmanns eignasjóðs um breytta forgangsröðun framkvæmda á skólalóð og felur honum að vinna málið áfram í samstarfi við skólasamfélagið. Ákvörðun um leikvöll í norðurbænum er frestað til næsta fundar.*

## **9. Kynning á stöðu fyrirhugaðra breytinga á íþróttahúsi.**

Lagðar fram teikningar að mögulegum breytingum.

*Yfirmanni eignasjóðs falið að klára teikningar að líkamsrækt í íþróttahúsínu í samræmi við umræður á fundinum.*

## **10. Umræða um bifreiðaeign þjónustumiðstöðvar.**

Yfirmaður þjónustumiðstöðvar kynnti bílakost þjónustumiðstöðvar en nauðsynlegt er að starfsmenn geti farið á milli staða til verka.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórн að keyptur verði bíll að andvirði allt að 1,2 m.kr. fyrir þjónustumiðstöðina.*

## **11. Tilboð frá Loftmyndum í þekjur á kortagrunn vegna götulýsingar o.fl.**

*Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórн að semja við Loftmyndir um slika þekju. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.*

## **12. Umræða um fyrirkomulag bakvaka hjá veitu og áhaldahúsi**

Tillaga að fyrirkomulagi bakvaka lögð fram.

Nefndin leggur til við sveitarstjórн að tillagan verði samþykkt.

## **13. Verkfundargerðir og skýrslur til kynningar**

Verkfundargerð Byggða á Bríkum lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:24

Dóð. Geit Sam Þorlósson  
Kaufmán Harðarson útfríð  
Ragnar Úlfarsdóttir  
Enni Elin Sigurðsson

Allt flakkjard  
Gunnar Óskar Óskarsson  
Haukur Óskar Óskarsson